

**Ed. 368. Tillaga til þingsályktunar**

um lækkun leigu talstöðva í fiskiskipum o. fl.

Flm.: Ingvar Pálmason, Sigurjón Á. Ólafsson, Jóhann Jósefsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um:

1. að afnotagjald af viðtækjum í fiskiskipum falli niður.
2. að leiga eftir talstöðvar lækki niður í 50 kr. á ári.
3. að strandargjald fyrir skeyti fiskiskipa verði fært niður í 5 auru orðið.
4. að leigjendum talstöðva verði framvegis ekki gert skylt að tryggja tækin fyrir hærri upphæð en 300 krónum.

### Greinargerð.

Talstöðvar í báta eru nú af öllum, er til þekkja, taldar ómissandi. Þær eru til stórra þæginda við veiðar og sjóferðir og auka öryggi sjómanna. Aukafundur Sambands íslenzkra fiskútflytjenda, er haldinn var í vetur, samþykkti áskorun í þessu máli, sem að mestu leyti er samhljóða þeirri till. til þál., sem hér er flutt, og fiskiþingið samþykkti og áskoranir til Alþingis, er fóru í svipaða átt. Þá hefir og Slysavarnafélag Íslands sent sjávarútvegsnefndum Alþingis ýtarlegar tillögur og áskoranir í þessu máli, auk héraðssamþykktta viðsvegar að.

Þegar það er viðurkennt, að taltæki í fiskibáta séu gagnleg og til stórum aukins öryggis fyrir skipin og áhafnir þeirra, þá ber hinu opinbera að gera sitt til þess, að sem flestir bátaeigendur sjái sér fært að hafa tækin í bátum sínum.

Þessa hefir lítið verið gætt hér, nema að því leyti sem landssiminn hefir hjálpað til að útvega tækin, sem er þakkarvert út af fyrir sig, þótt sú leiga, sem hann krefur, sé of þungbær lítt efnum búnum bátaeigendum að greiða.

Ríkisútvarpið þarf ekki nauðsynlega að hafa tekjur af þeim öryggisráðstöfunum, sem gerðar eru á fiskibátum. Bæði eigendur bátanna og oft bátverjar fleiri eða færri hafa sitt útvarpstæki á heimili sínu og greiða lögboðið gjald af. Að leggja venjulegt árgjald auk þess á útvarpstæki, sem sömu menn hafa í bát sínum, er svipað því, að útvarpið láti þessa viðskiptamenn sína greiða aukaútvarpsgjald.

Strandargjald fyrir skeyti frá fiskibátum, 30 aurar á orð auk venjulegs símagjalds, er of hátt og dregur úr notkun slíkra skeytasendinga, og þar með því gagni, er fiskimenn geta haft af sambandinu.

Ríkisstofnanir eins og landssiminn og ríkisútvarpið verða að skilja það, að þeim ber að hlynna að öryggismálum sjómanna án þess að tryggja sér um leið arð af viðskiptunum.

Ein stofnun í landinu, sem ekki er eign þess opinbera, Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja, hefir tekið þetta mál þeim tókum, sem er til eftirbreytni öðrum þeim, er aðstöðu hafa til að styðja að notkun taltækja í fiskiskipunum. Félagið styrkir hvern bát með 400 kr. til að afla sér taltækja, og vát tryggir þau auk þess endurgjaldslaust, enda eru nú taltæki í milli 40—50 Vestmannaeyjabátum.

Nánar í framsögu.